



Alþingi
Erindi nr. P 141/165
komudagur 19.10.2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stykkishólmur 19. október 2012


Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn rannsóknarnefndar sjóslysa (RNS) um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.

RNS telur ekki ástæðu til að senda nýja umsögn um frumvarpið og vísar því til fyrri umsagna. Þó þykir ástæða til að ítreka þá megin athugasemd sem RNS hefur við frumvarpið. En RNS telur að það sé alls ekki æskilegt að breyta því fyrirkomulagi sem nú er við rannsóknir sjóslysa. Telja verður að það sé mun heppilegra að sem víðtækust þekking sé innan rannsóknarnefndarinnar sjálfrar heldur en að leita þurfi út fyrir hana í miklum mæli við rannsóknir samgönguslysa. Fullvíst má telja að kostnaður við að leita sérfræðipækningar út fyrir nefndina verði mun meiri heldur en við núverandi fyrirkomulag m.a. með hliðsjón af launum nefndarmanna. Þá er ekki annað vitað en það fyrirkomulag sem nú er við skipan RNS og annarra rannsóknarnefnda sem rannsaka samgönguslys hafi reynst vel og því varar nefndin við breytingum á skipan nefndarinnar.

Hins vegar skal ítrekað það sem áður hefur komið fram hjá RNS að nefndin hefur ekki á móti því að breyta „því skipulagi sem nú er á rannsóknum samgönguslysa m.a. með því að sameina rekstur hinna þriggja nefnda þannig að t.d. húsnæði og skrifstofuhald yrði sameinað. Því mætti í raun gera þessar nefndir að einni rannsóknarstofnun en innan þeirrar stofnunar yrðu þrjár nefndir sem yrðu skipaðar sérfræðingum hver á sínu sviði með svipuðum hætti og núverandi skipulag.“

RNS vill vekja athygli á því að við umfjöllun frumvarpsins þegar það hefur áður verið lagt fram hefur í engu verið tekið tillit til athugasemda RNS og því verður að telja ólíklegt að það þjóni tilgangi að eyða miklum tíma í að senda athugasemdir við frumvarpið. Því álykta má sem svo að athugasemdum sé enginn gaumur gefinn.

F.h. rannsóknarnefndar sjóslysa


Jón A Ingólfsson
forstöðumaður